

BORGARRÁÐ 17. mars 2022: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um truflanir í tölvukerfi og stjórnkerfi borgarinnar - MSS22030163

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins óska eftir upplýsingum varðandi truflanir í tölvukerfi borgarinnar undanfarna daga. Var þetta vegna bilana eða var gerð netárás á tölvukerfi borgarinnar? Undanfarna daga hafa mikilvæg kerfi og aðgangur sem borgarfulltrúar nota var óvirkur í aðdraganda borgarstjórnarfundar þriðjudaginn 15. mars. Vefsíður Reykjavíkur voru óvirkar að verulegu leiti og borgarfulltrúar náðu ekki gögnum sem liggja áttu fyrir fundinum. Borgarfulltrúar fóru að finna verulega fyrir þessu daginn áður. Þá hafa komið upplýsingar um að mikilvægt stjórnkerfi borgarinnar hafi brugðist; ljósastýringar umferðarljósá um höfuðborgarsvæðið mánudaginn 14. mars. Engin umferðarljós loguðu, þó að ekki sé vitað til að rafmagnstruflanir hafi verið að öðru leiti. Stjórnkerfið virðist hafa brugðist, sem á ekki að geta gerst á þennan hátt. Ljósín eiga að virka við slíka truflun, að þau fara að starfa sjálfvirkt á hverjum stað skv. klukkukerfi eða sýna gult blikkandi ljós á öllum akstursstefnum. Það gerðist ekki, heldur slökknaði algjörlega á ljósunum, sem er mjög alvarlegt mál og hættulegt. Öryggiskröfur höfuðborga annarra norðurlanda eru mjög strangar varðandi þennan þátt vegna almannaheilla. Óskað er eftir skýrum svörum um það hvort um einhverskonar tölvuárás hafi verið að ræða og ef svo, hvernig var brugðist við og hvaða varnir við slíku eru áætlaðar á vettvangi borgarinnar til framtíðar.